

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umhverfismerki á fisk.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hver er staðan á vinnu við íslenskt umhverfismerki á fisk?
2. Fær slíkt merki bráðum vottun þriðja aðila og ef ekki, hver er ástæða þess?
3. Er ráðherra kunnugt um fyrirstöðu fyrir því að íslenskar fiskafurðir uppfylli umhverfisvottun?
4. Eru dæmi þess að íslenskir fiskútflýgjendur eigi á hættu að missa eða hafi misst markaðshlutdeild sökum þess að íslenskar fiskafurðir eru ekki umhverfismerktar og ef svo er, hvaða þjóðir auka markaðshlutdeild sína á kostnað Íslendinga?
5. Hefur ráðherra upplýsingar um að seljendur íslenskra fiskafurða verði í auknum mæli varir við óskir um umhverfismerkingar?